

Málskostaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Viðurkenndur er eignaréttur sóknaraðilja, Ásgeirs Bjarnasonar, að landspildu, upphaflega úr landi Sands í Kjósarhreppi, Kjósarsýslu, sem er á tanga suðvestur af trébrú á vegi að Grjóteyri og Flekkudal og liggur í um 130 metra vestur af Sandsárbrú. Tangi þessi afmarkast í suðri af girðingu jarðarinnar Sands, Kjósarhreppi. Landspilda þessi er innan girðingar og er 2578 fermetrar á stærð. Landspildan er afmörkuð á meðfylgjandi uppdrætti.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. desember 1983.

Nr. 85/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Steingrími Þórisyni

(Grétar Haraldsson hrl.).

Umboðssvik. Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vihjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1983 refsingu til þyngingar.

Verjandi krefst aðallega ómerkingar hins áfryjaða dóms. Til vara er krafist staðfestingar dómsins að því er varðar síðara ákærulið, en sýknu af kröfum skv. fyrra ákærulið.

Ágrip máls barst Hæstarétti 12. október 1983.

I.

Ríkissaksóknari lagði fyrir Hæstarétt nokkur gögn um rannsókn í máli á hendur mönnum, sem ákærði átti viðskipti við og tengjast útgáfu víxla þeirra, sem eru ákæruefni í máli því, er hér er til úrlausnar. Þessi rannsóknargögn veita nokkra fræðslu um baksvið brota þeirra, sem ákæra í þessu máli lýtur að. Gögnin hefði að réttu lagi átt að leggja fyrir héraðsdómara. Þau skipta þó ekki sköpum um úrlausn máls þessa, og er því ekki efni til að ómerkja héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað til frekari rannsóknar og dómsuppsögu að nýju.

II.

Með sakargögnum er sannað, að ákærði hefur ritað hærri upphæð á víxil þann, er greinir í fyrri ákærulið, en Jón Þórisson, sem ritað hafði á víxillinn óútfylltan sem ábekingur, heimilaði honum. Verður við það að miða, að Jón hafi heimilað, að víxillinn yrði að fjárhæð 2.600.000 gkr., en ákærði ritaði fjárhæðina 6.000.000 gkr. Hefur ákærði gengist við því að hafa án nægrar heimildar skv. framansögðu ritað þessa fjárhæð á víxillinn og afhent hann svo farið nafngreindum manni. Er brot þetta réttilega fært til refsíákvæðis í héraðsdómi.

III.

Með játningu ákærða, er fær óræka stoð í öðrum gögnum málsins, er hann sannur að sök um skjalafölsun með þeim hætti, sem dæmt er í héraðsdómi. Eru brot þar réttilega færð til refsíákvæða.

Frá því var skýrt hér fyrir dómi, að ákærði hefði gert skil á greiðslum skv. víxlum þeim, sem hér er um að ræða, áður en héraðsdómur gekk. Hann gekkst greiðlega við brotum sínum. Hann hefur eigi áður sætt refsingu fyrir brot á almennum hegningarlögum. Ber að hafa í huga þessi atriði við ákvörðun refsingar. Með vísan til þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið svo og 5 mánaða fangelsi skilorðsbundið, sbr. 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, 9. gr. Skal fullnustu á síðargreinda refsihlutanum frestað, og fellur sú refsing niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Þórisson, sæti 3 mánaða fangelsi svo og 5 mánaða fangelsi, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og falli hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 8.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. desember 1982.

Ár 1982, föstudaginn 17. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7, Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 507/1982: Ákærvaldið gegn Steingrími Þórisyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. júní 1981, gegn ákærða, „Steingrími Þórisyni, til lögheimilis að Reykholti, Reykholtisdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, en með dvalarstað að Háaleitisbraut 36, Reykjavík, fæddum 15. júlí 1923 að Álftagerði í Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I. Umboðssvik.

Fyrri hluta árs 1979 ritaði bróðir ákærða, Jón Þórisson, Reykholti, nafn sitt sem ábekingur á óútfylltan tryggingarvixil, sem út gefinn var og ábakinn af Sigríði E. Jónsdóttur, eiginkonu ákærða, en var samþykktur af ákærða til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, án tiltekens gjalds. Ákærða er gefið að sök að hafa tilgreint á víxilinum, sem er með útgáfudagsáritun 28. maí 1979, hærri víxilfjárhæð en ákærði hafði leyfi Jóns

Þórissonar fyrir, eða kr. 6.000.000.00 í stað kr. 2.600.000.00, sem Jón Þórisson hafði leyft, að yrði hámarksfjárhæð víxilisins. Vixilinn, sem afsagður var sökum greiðslufalls 31. mars 1980, notaði ákærði í viðskiptum við Edvard Lövdal sölumann, Hörpugötu 12, Reykjavík.

Brot ákærða, sem í þessum lið greinir, telst varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Skjalafals.

Ákærða er gefið að hafa síðari hluta árs 1979 falsað nafnritun bróður síns, Jóns Þórissonar, sem ábekings á eftirtalda sjö víxla, sem ákærði gaf út ýmist í eigin nafni eða Söluskálans, Reykholti, en samþykktir voru af Sigríði E. Jónsdóttur, eiginkonu ákærða, og notað víxlana hér í Reykjavík í viðskiptum við áðurgreindan Edvard Lövdal.

1. Vixil að fjárhæð kr. 750.000.00 með útgáfudagsáritun 20. 7. 1979 til greiðslu 20. 8. 1979 í Samvinnubankanum, Akranesi.

2. Vixil að fjárhæð kr. 1.575.000.00 með útgáfudagsáritun 1. 8. 1979 til greiðslu 1. 11. 1979 í Landsbanka Íslands, Akranesi.

3. Vixil að fjárhæð kr. 1.575.000.00, með útgáfudagsáritun 1. 8. 1979 til greiðslu 28. 12. 1979 í Landsbanka Íslands, Akranesi.

4. Vixil að fjárhæð kr. 1.750.000.00 með útgáfudagsáritun 10. 8. 1979 til greiðslu 25. 10 1979 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.

5. Vixil að fjárhæð kr. 1.110.000.00 með útgáfudagsáritun 21. 8. 1970 til greiðslu 29. 9. 1979 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.

6. Vixil að fjárhæð kr. 1.575.000.00 með útgáfudagsáritun 5. 11. 1979 til greiðslu 15. 1. 1980 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.

7. Vixil að fjárhæð kr. 1.750.000.00 án útgáfudagsáritunar, til greiðslu 15. 12. 1979 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Brot ákærða, sem í þessum lið greinir, teljast varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III. Refsikröfur:

Þess er krafist, að ákærði verðir dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1949 9/6 Reykjavík: Dómur lögregluréttar: 10 daga varðhald og sviptur ökuskrifteini í 6 manuði fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot.

1950 20/2 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1951 29/5 Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

- 1952 14/8 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
 1953 9/8 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.
 1954 30/3 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
 1956 17/1 Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
 1957 22/5 Reykjavík veitt ökuleyfi á ný.
 1969 15/2 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. og 18. gr., sbr. 33., 35., sbr. 39. gr. áfengisлага og 2. mgr. 39. gr. tollлага nr. 68/1956. Upptæk 1 flaska af vodka (blanda) og 85 pakkar og dósir af sælgæti. Upptækur ólöglegur ávinningur kr. 200.

Málsatvik eru þessi:

I.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi í maímánuði árið 1979 ritað hærri upphæð á tryggingarvixil, en bróðir hans, Jón Þórisson, hafði áður ritað nafn sitt sem ábekingur á vixilinn, og síðan notað vixilinn í viðskiptum í blekkingarskyni, svo sem réttilega er lýst í ákæru. Ákærði hefur að fullu staðið skil á vixilfjárhæðinni.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi síðari hluta árs 1979 falsað nafn nefnds bróður síns á sjö víxla, samtals að fjárhæð gkr. 10.085.000, og notað víxla þessa í lögskiptum í blekkingarskyni, allt svo sem rækilega og réttilega er lýst í ákæru, með þeirri athugasemd, að útgáfudagur víxils að fjárhæð kr. 1.110.000 hefur misritast, en á að vera 21. 8. 1979. Ákærði hefur að fullu greitt víxlana.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir.

Þar sem ákærði hefur ekki áður verið dæmdur sekur um auðgunarbrott sem og endurgreitt víxlana, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms

þessa að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærðan til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmans, kr. 4.000.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Þórisson, sæti fangelsi 4 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og niður falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. desember 1983.

Nr. 165/1983. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Einari Geirdal Guðmundssyni

(Ólafur Þorláksson hrl.)

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu hefur að ósk ákærða verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. júní sl. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 28. október sl.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, hefur ákærði nú gert skil á bótum þeim, sem í héraðsdómi greinir.